

1.12.2014

Góðan dag.

Leyfi mér að senda hálagða greinagerð sem athugasemd við þingmál 305 og 321. Óskað er eftir því, að henni verði komið til atvinnuveganefndar og afriti hennar til umhverfis- og samgöngunefndar.

Sverrir Ólafsson

Lækjarást 12, 110 Reykjavík.

GSM 354 863 0588

Háskaleg þingsályktun.

Lögð hefur verið fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Jafnframt hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, með síðari tíma breytingum. Í þingsályktunartillögunni er gengið út frá því að meginregla við flutning raforku á hærri spennustigum skuli vera sú, að notaðar séu loftlínur nema annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra.

Ekki þarf að rýna lengi í tillöguna og frumvarpið til að sjá þar handbragð orkugeirans. Meginstefnan skal áfram vera að útanskota viðkvæmri náttúru landsins með áberandi flutningsmannvirkjum með nokkrum léttvægum takörkunum. Skipulagsvald er í raun tekið af sveitarfélögum og þeim í reynd gert að lúta valdi orkugeirans að því er legu flutningsmannvirkja varðar. Jafnframt er orkugeiranum falið að reikna út hagkvæmni jarðstrengja gagnvart loftlínunum. Sá samanburður hefur jafnan verið vafasamur á kostnað jarðstrengja svo ekki sé meira sagt.

Umhverfiskostnaður er kostnaður, sem náttúruspjöll valda. Óspillt náttúra eru verðmæti, sem rýrna í hvert skipti, sem henni er spillt. Taka þarf tillit til þessa tjóns við gerð loftlína og bæta það með einhverjum hætti. Til álita kæmi að leggja sérstakan skatt á þessa tegund mannvirkja, einskonar auðlindagjald, fyrir afnot af auðlindinni og spjöll á henni. Varanlegum landspjöllum er vart til að dreifa við jarðstrengi. Þeir sjást nánast ekki eftir að rótað hefur verið ofan í skurðina og náttúran jafnað yfirborðið. Þá þarf að taka tillit til verðmætis helgunarsvæða og málareksturskostnaðar, sem hvort tveggja er hagstætt jarðstrengjum. Þessu er meira og minna öllu sleppt í samanburðarútreikningum orkugeirans í hagkvæmni þessara tveggja valkosta. Það er því ekki nema von að tóm þvæla komi út úr þeim útreikningum.

Það er gömul saga og ný, að orkugeirinn hefur valtað yfir landeigendur, sveitarfélög og grasrótahreyfingar með fagurgala og fyrirgreiðslu af ýmist tagi. Orkugeirinn virðist löngum hafa verið ríki í ríkinu og og farið sínu fram í þágu markmiða sinna. Lítið virðist hafa breytt þótt jarðstrengir hafi hrapað í verði og rekstraröryggi þeirra vaxið þannig að næsta víst er, að þeir séu nú þegar orðnir ódýrari en loftlínur á hærri spennustigum, sé allt meðtalið.

Orkugeirinn situr hins vegar fastur sinni forneskju og kýs að halda sér við úreltan hugsanahátt þótt aðrir betri kostir bjóðist. Geirinn sá kýs að hlusta frekar á kröfur álvera um loftlínur fremur en rödd skynseminnar, ferðaþjónustunnar og fólksins í landinu. Það væri óheppilegt svo ekki sé meira sagt, ef iðnaðar og viðskiptaráðherra ætlar að styðja orkugeirann í hernaðinum gegn landinu.

Mér er sagt að hægt væri að semja um línustæði Suðurnesjalínu 2 í jörð meðfram Reykjanesbraut á korteri yrði sá kostur valinn. Þess í stað er leið eignarnáms og kostnaðarsamra málaferla valin. Þvermóðska orkugeirans kann að skýrast af því, að aukin vitundarvakning þjóðarinnar torveldar ofbeldi orkugeirans í vaxandi mæli. Því er nú stefnt til fjalla, þar sem erfiðir landeigendur eru fáir og smáir. Sprengisandslína er á teikniborðinu. Reyndar er áformað að setja um 50 km í jörð af um 190 km, þar sem helzt er hætta á að hún fjúki í burtu. Annars staðar á að reyna að fela línuna bak við einhver fjöll eins og það sé eitthvað hægt. Búið er að eyða fúlgum fjár í að reyna að hanna burðarvirki, sem eru minna ljót en þau, sem notast hefur verið við, og þeim gefin náttúruvæn nöfn eins og Fuglinn. Varla gefast ólíkari fyrirbæri fuglum en skrímsli þessi og er því tilraunin í bezta falli fáránlega hallærisleg og varla minnisvarði um annað en þær þúsundir fuglshræja við háspenntar loftlínur, sem drepast vegna áflugs. Nær væri nýta fjármunina í að auka þekkingu orkugeirans á jarðstrengjum og lagningu þeirra, sem virðist vera mjög ábótavant.

Ekki verður séð, að nein sátt verði um Sprengisandslínu í því formi, sem fyrirhugað er, eftir viðtökum að dæma. Upp er komin deila, sem um margt minnir á Laxárdeiluna í sjöunda áratugnum, þar sem grasrótin og náttúruverndarsinnar stöðvuðu ofbeldisfullar og gerræðislegar aðgerðir misviturra stjórnvalda. Laxárdal var bjargað sem og Mývatni, Suðurá og Godafossi og óspilltu kjörlendi við upptök Suðurár í Ódáðahrauni. En stíflusprengringu þurfti til.

Sé brýnt að leggja hund norður í land, finnst mér að mætti íhuga að leggja hundinn strax í jörð á hugsanlegu nýju vegastæði fyrir veg, sem kann að koma einhvern tíma, þegar peningar eru til. Tími er til kominn að orkugeirinn fari að dæmi annarra þjóða og læri að nota nútímalegar og hagkvæmar leiðir við dreifingu orku á hærri spennustigum. Orkugeirinn ætti auðvitað að sjá þetta sjálfur en eins og sakir standa virðist því miður ekki vera ástæða til bjartsýni í þeim efnum.

Framangreind þingsályktunartillaga sem og tillaga um breytingu á orkulögum eru stórvarasamar. Þær fela hagsmunaaðilum allt of mikil völd yfir gæðum landsins. Þeim ætti að kasta út í hafsauga áður en frekara tjón hlýzt af.